



FRÆÐSLA



Handknattleikur



Blak



Knattspyrna



Borðtennis



Taekwondo



Dans



Bandý

Handknattleiksfélag Kópavogs

Endurmenntun og fræðsla

HK leggur mikinn metnað upp úr því að bjóða þjálfurum sínum, iðkendum, foreldrum/forráðamönnum, starfsfólki og stjórnarmönnum upp á fræðslu sem nýtist í leik og starfi. Félagið leitar allra leiða til að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu sem nýtist breiðum hópi HK-inga.

Ár frá ári geta fræðslufyrirlestrar verið mismunandi með ólíkar áheyrslur en í grunninn býður HK upp á fasta fræðslufyrirlestra/námskeið fyrir sitt fólk.

Fastir liðir í fræðslu

Blátt áfram

Árlega sendir HK nýja starfsmenn, þjálfara og stjórnarmenn á námskeið á vegum Blátt áfram. Námskeiðið Verndarar barna er fræðsla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegri misnotkun á börnum. Markmiðið er að veita fullorðnu fólki öfluga fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af festu og ábyrgð.

Skyndihjálp

HK ber samfélagslega ábyrgð varðandi öryggi og þekkingu um fyrstu hjálp fyrir sitt starfsfólk og þjálfara. Félagið heldur á einu sinni á ári skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk og þjálfara félagsins.

Þjálfaramenntun

HK hvetur þjálfara félagsins eindregið til þess að leita sér frekari þekkingar á sviði íþróttta. Deildir félagsins greiða fyrir endurmenntun eða frekari menntun sinna þjálfara en geta í framhaldi óskað eftir styrk frá Kópavogsbæ – sú umsókn fer í gegnum íþróttastjóra HK.

Fræðslufyrirlestrar UMSK

Á hverju ári býður UMSK upp á fjölbreytta fræðslufyrirlestra sem HK getur nýtt sér að kostnaðarlausu. HK mun kappkosta við að bjóða upp á þessa fyrirlestra í samráði við UMSK.

Nóri (í vinnslu)

Þjálfarar HK skrá mætingu iðkenda í app sem Greiðslumiðlun gaf út fyrir Nóra. HK býður upp á fræðslu í samráði við Greiðslumiðlun þegar þörf er að kynna nýjungar í app-inu.

Sideliner (í vinnslu)

Nýjir þjálfara sem þurfa kynningu á forritinu geta fengið hana í samráði við yfirþjálfara sinnar deildar.



Önnur fræðsla

Íþróttastjóri vinnur markvisst að því að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu fyrir sem breiðastan hóp HK-inga. Á árinu 2017 stóð félagið fyrir eftirfarandi fyrirlestrum/námskeiðum:

- Álag íþróttamanna og álagsstjórnun
 - o fyrir þjálfara og foreldra
- Vertu Óstöðvandi
 - o fyrir 12-16 ára HK-inga um hvernig andlegur þáttur hefur áhrif á frammistöðu og íþróttaiðkun
- Efldur barnið þitt
 - o fyrir foreldra um hvernig þau geta eft barnið sitt til þátttöku í íþróttum og talað við það á uppbyggilegan hátt
- Sýnum Karakter
 - o Fyrir foreldra/forráðamenn og hinn almenna félagsmann HK

